



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

32. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 3. október 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Hvað er að frétta í Garðabæ?



Almar fer yfir málin á íbúafundi í Urriðaholti í byrjun september í fyrra, en hann ásamt sviðsstjórum bæjarins bjóða íbúum til samtals og sitja fyrir svörum á þremur íbúafundum í október og er fyrsti fundurinn í Álfthanesskóla 9. október nk.

Hvernig líður krökkunum okkar, hvað er að frétta í skólamálum og hvernig standa framkvæmdir í bænum? Þetta og fleira verður í brennidepli á íbúafundum Garðabæjar í október.

Þrjú íbúafundir eru fyrirhugaðir í Garðabæ í október. Yfirskrift fundanna er „Hvað er að frétta í Garðabæ“ og mun Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar ásamt sviðsstjórum bjóða íbúum til samtals og sitja fyrir svörum. (Sjá framhald á blaðsíðu 6).

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND

FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Norræni leshringurinn í Garðabæ kynnir norrænar bókmenntir



Árið 2023 ákvað stjórn Norræna félagsins í Garðabæ að vinna að kynningu á norrænum bókmenntum hér í Garðabæ.

Sigurlaug G. Sverrisdóttir stjórnarmaður í félaginu hafði samband við Margréti Sigurgeirsdóttur forstöðumann bókasafnsins sem tók erindinu mjög vel. Margrét fékk Jórunni Sigurðardóttur til að vera hópstjóra í norræna leshringnum á vorönn 2024. Greinilega var mikill áhugi fyrir þessu því hópurinn fyllist fljótt og komust færri að en vildu.

Norræna félagið greiddi kostnað við verkefnið en auk framlags frá félaginu fékkst


góður stuðningur frá bænum. Fyrsti hitt-ingur vetrarins hjá norræna leshringnum var fimmtudaginn 19 sept. síðastlinn og mun hópurinn hittast í október og nóvember. Á dagskrá bæjarbókasafnsins í október verður: "Stríð á norðurlöndunum".

Meðal fyrirlesara verður Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti. Norræna félagið mun taka þátt í dagskránni.

Stjórn Norræna félagsins í Garðabæ þakkar forstöðumanni bókasafnsins og starfsmönnum hennar gott samstarf.

Hilmar Ingólfsson formaður NfGb

Bangsastólasmiðja í Hönnunarsafninu




Sunnudaginn 6. október klukkan 13 er öll fjölskyldan velkomin í smiðju í Hönnunarsafninu þar sem stóll fyrir uppáhalds bangsa fjölskyldunnar verður til. Fjölskyldan hannar stóllinn, útfærir og setur hann saman en það er vöru- og upplifunarahönnuðurinn Friðrik Steinn sem leiðir smiðjuna.


Fjölskyldan getur hannað eigin bangsastól á Hönnunarsafninu

Smiðjan er hluti af fjölskyldudagskrá Hönnunarsafns Íslands sem fer fram fyrsta sunnudag hvers mánaðar í fræðslurými safnsins. Aðgangur er ókeypis og opin öllum.


FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA




Frímánn
897 2468



Hálfmán
898 5765



Ólöf
898 3075



Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Kusk og Óviti, KK, Jói Pé og félagar og GDRN munu stíga á svið

Rökkvan haldin í þriðja sinn þann 12. október á Garðatorgi

Nú styttest óðfluga í Rökkvuna sem er listahátíð sem fer fram þann 12. október á göngugötunni Garðatorgi. Verkefnastjórar hátíðarinnar eru ungt listafólk sem brennur fyrir menningarmálum bæjarins en það eru þau Einar Magnússon og María Bóel Guðmundsdóttir. Að sögn hlakka þau mikið til hátíðarinnar og búast við góðri mætingu.

Þau segja hátíðina vera mikilvæga fyrir menningarlíf Garðabæjar

„Hátíð eins og Rökkvan, þar sem ungt fólk fær að spreyta sig en síðan líka njóta þess að hlusta á reyndari tónlistarmenn, skiptir samfélagið miklu máli og að geta boðið upp á svona flotta dagskrá, fólk að kostnaðarlausu, er ekki sjálfgefið. Garðabær á heiður skilið.“ segja þau Einar og María.

Tónlistin verður í fyrirrúmi á hátíðinni, en einnig munu gestir njóta listasýningar í Betrunarhúsinu og verður lista- og handverksmarkaður reistur á torginu. Hátíðin nær hápunkt á stórtónleikum þar sem Kusk og Óviti, KK, Jói Pé og félagar og GDRN munu stíga á svið.

Um miðjan dag fer fram dagskrá sem ætluð er fjölskyldum en klukkan 14 fer fram tónlistarsmiðja með Ingibjörgu Friðu og Sigurði Helga sem ber yfirskriftina Klapp, klapp, stapp, stapp. Öll fjölskyldan ætti að hafa mjög gaman af því að taka þátt en strax að lokinni smiðju leikur Rökkvubandið stuðtónlist eins og þeim er einum lagið.


Dagskránni um miðja dag lýkur svo með Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar sem



Hin magnaða söngkona GDRN mun stíga á svið á Rökkvunni



KK verður á stórtónleikum Rökkvunnar




Jói P og félagar

er alltaf gaman að fylgjast með enda hafa krakkarnir í sveitinni leikið á sín hljóðfæri frá unga aldri.

Dagskrá Rökkvunnar er ókeypis

Dagskrá Rökkvunnar er ókeypis og öll velkomin meðan hús rúm leyfir. Drykkir verða til sölu um kvöldið og búast má við tilboðum í tilefni Rökkvunnar hjá fyrirtækjum á Garðatorgi.



Kusk og Óviti

Pop up markaður á Garðatorgi 5. október

Annað árið í röð verða Pop up markaðir á Garðatorgi, en þeir verða þriðja talsins fram að júlum. Fyrsti viðburðurinn verður laugardaginn 5. október og hafa fjölmörg fyrirtæki skráð sig til þátttöku. Mikil ásókn er að vera með, en ásamt Pop up markaðinum 5. október verða markaðir 1. og 30. nóvember (aðventuhátíð).

Pop up markaðurinn á laugardaginn byrjar kl 11:00 og verður til 16:00 á torginu. Hægt

verður að versla fjölbreyttar vörur, jólagjafir jafnt sem aðrar gjafir.

Tilgangurinn er að lífga upp á Garðatorgið okkar og gæða það enn meira lífi en það er í dag.

Ef einhverjir í hafa áhuga að taka þátt, hafa áhugaverða vöru sem þið viljið koma á framfæri þá er hægt að hafa samband á: kaffitorg210@gmail.com eða skoða FB síðuna POP UP.



Efla skipulagt skátastarf fyrir öll börn og unglinga

Nýr samstarfssamningur við Skátafélagið Svani undirritaður

Garðabær hefur undirritað samstarfssamning við Skátafélagið Svani. Með samstarfinu verður áfram unnið að því að efla skipulagt skátastarf fyrir öll börn og unglinga.

Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu þar sem lýðheilsu- og forvarnargildi skátastarfs eru höfð að leiðarljósi.

Samvinna skal vera á milli Svana og íþrótta- og tólmstundaráðs Garðabæjar um stefnumörkun í skátastarfinu. Skátafélagið Svani skal við framkvæmd samstarfssamningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt



Freyja Björgvins sjálfböðaliðaföringi, Davíð Valdimar Arnalds gjaldkeri og Halldór Valberg Aðalbjargarson, félagsforingi ásamt Almari Guðmundssyni og Hrannari Braga Eyjólfssyni formanni íþrótta- og tólmstundaráðs.

skal félagið vinna jafnréttisáætlun sem tekur mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar og skipuleggja starf sitt með þarfi og hagsmuni allra kynja í huga. Félaginu

ber einnig að taka tillit til forvarnarstefnu Garðabæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða. Samningurinn gildir til ársloka 2025.



Laugardagurinn 12. október 2024

Á göngugötunni Garðatorgi

Fjölskyldudagskrá

14:00-16:00

- Klapp, klapp, stapp, stapp! Tónlistarsmiðja með Ingibjörgu Friðu og Sigurði Helga þar sem líkaminn er notaður sem hljóðfæri. Öll fjölskyldan tekur þátt.
- Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur af sinni alkunnu snilld.
- Rökkvubandið með stuð dagskrá.

Markaður og listasýning

14:00-23:00

- Þrjónavörur, skartgripir, myndlist og fleira áhugavert.
- Myndlistarsýning í Betrunarhúsinu. Íris Eva Magnúsdóttir og Jói Pé

Stórtónleikar

19:30-21:30

- Kusk og Óviti
- KK
- Jói Pé og félagar
- GDRN

Dagskráin er ætluð allri fjölskyldunni að njóta saman í hjarta Garðabæjar. Aðgangur ókeypis

Sýnum tillitsemi og hlýju. Njótum Rökkvunnar saman.

Rökkvan

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 10. október

Síðasti skiladagur föstudaginn 4. október
valdimar@gp.is - Sími 697 4020
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989
Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Ævar Smári Matthíasson er 20 þúsundasti Garðbæingurinn

Íbúar Garðabæjar eru orðnir 20 þúsund talsins en það er hann Ævar Smári Matthíasson sem reyndist vera 20 þúsundasti Garðbæingurinn.

Hann kom í heiminn 24. júní 2024 og er fyrsta barn þeirra Silju Rúnarsdóttur og Matthíasar Finns Vignissonar. Fjölskyldan tók vel á móti Almarí Guðmundssyni bæjarstjóra Garðabæjar og Margréti Bjarnadóttur forseta bæjarstjórnar á heimili sínu í Urriðaholti í síðustu viku.

Þau Silja og Matthías fluttu í Garðabæinn í apríl á þessu ári þegar þau keyptu sína fyrstu íbúð saman í Urriðaholti. Silja er að norðan en hún er uppalin í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit og Matthías er frá Akranesi. Þau kunna afar vel við sig á nýja staðnum og segja samfélagið í Urriðaholti samheldið. Þar sé margt barnafólk og nóg um að vera fyrir íbúa hverfisins. Nálægðin við náttúruna er líka stór kostur að þeirra mati en bæði stunda þau mikla útivist.

Ævar litli var vær og góður á meðan á heimsókninni stóð. Almar og Margrét komu færandi hendi fyrir hönd Garðabæjar og gáfu Ævari fallegan galla frá As We Grow úr Hönnunarsafni Íslands og blómvönd frá Luna Studio. Nýbökðu foreldramir fengu svo árskort í sundlaugar Garðabæjar. „Garðabær heldur áfram að vaxa, dafna og blómstra. Það er gott að heyra að fólk sækist eftir því að búa í Garðabæ og treystir því að það geti gengið að lífsgæðum eins og fallegu umhverfi, þjónustu og góðu samfélagi visu. Ég hlakka til að fylgjast með Ævari Smára í framtíðinni,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar.



Garðbæingurinn Ævar Smári Matthíasson kom í heiminn 24. júní og er hann 20 þúsundasti íbúi Garðabæjar. Hann virtist kátur með nafnbótina og heimsóknina. F.v. Margrét, Silja, Ævar Smári, Matthías Finns og Almar



Það fór vel á með Ævari og bæjarstjóra Garðabæjar

Þess má geta að samkvæmt þjóðskrá ar orðnir 20.408. Það styttist því í að Íslands frá 1. október sl. voru Garðbæing- Garðbæingar verði 21 þúsund.

Langir fimmtudagar í október á Bókasafni Garðabæjar

Rökkrið færir yfir og þá er nú huggulegt að njóta góðra stunda á bóka- safninu. Bókasafnið á Garðatorgi verður opið til klukkan 21 öll fimmtudagskvöld í október og býður uppá fjölbreytta dagskrá. Erindi um ástandið, stríðsárin á Íslandi, draugagang og sýnd verður stríðsmynd. Einnig verður boðið uppá Lesró á annarri hæð frá 18-21 þar sem hægt verður að lesa og njóta þagnarinnar í samvistum með öðrum lestrarhestum.

Dagskrá:

Fimmtudagurinn 3. október kl. 19:00

Ástandið: Rithöfundurinn Guðrún Jónína Magnúsdóttir ræðir nýútkomna bók sína Rokið í stofunni sem fjallar um þrettán ára stúlku sem er handtekin og dæmd til dvalar á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði árið 1942. Jónína mun ræða um Ungmennadómstólinn, Jóhönnu Knudsen og það einelti, dómhörku og afleiðingar fyrir þær stúlkur sem sendar voru á hælið. Á eftir erindi mun Jónína gefa sér tíma í fyrirspurnir, spjall og einnig munu gestir geta fest kaup á bókinni.

Fimmtudagurinn 10. október kl. 19:00

Ísland á stríðstímum: Garðbæingurinn, fyrrverandi forseti og prófessor í sagnfræði Guðni Th. Jóhannesson heldur erindi þar sem fjallað verður aðfríð Íslands og Íslendinga í seinni heimsstyrjöldinni og hvernig við höfum viljað muna og segja þá sögu. Reynsla okkar verður borin saman við þær hörmungar sem flestar aðrar þjóðir



Garðabæ. Í þetta sinn mun Jórunn ræða bækurnar Sá sem blikkar er hræddur við dauðann eftir Knud Romer og Gáruð vötn eftir Kerstin Ekman. Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í leshringinn á netfangið asbjorgbj@gardabaer.is

Fimmtudagurinn 24. október kl. 19:00

Kvikmyndasýning: Sýnd verður áhugaverð mynd þar sem umfjöllunarefnið verður Norðurlöndin á stríðstímum. Popp og gos verður á boðstólum fyrir biógesti.

Fimmtudagurinn 31. október kl. 19:00

Í tilefni Hrekkjavökunnar býður bókasafnið gestum uppá hryllilegt erindi þar sem Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur fer með óhugnanlegar draugasögur og leiðir hræðilega draugagöngu upp í Minjagarð. Ekki fyrir viðkvæma.

Fimmtudagurinn 17. október kl. 19:00

Seinni heimstyrjöldin í brennidepli. Norrænn leshringur með Jórinni Sigurðardóttur í samstarfi með Norræna félaginu í

ÍBÚAFUNDUR MEÐ BÆJARSTJÓRA
OG SVIÐSSTJÓRUM GARÐABÆJAR

MIÐVIKUDAGINN 9. OKTÓBER
19:30–21:00
Í ÁLFTANESSKÓLA

Hvað er að
frétta í
Garðabæ?



Förum yfir það sem íbúum Álftaness liggur á hjarta, ræðum málin og tökum fyrirspurnir.

Hvernig líður krökkunum okkar, hvað er að frétta í skólamálum og hvernig standa framkvæmdir í bænum?

Öll velkomin og hlökkum til samtalsins



Benedikt Sveinsson

Í bókinni „Skini Stjarnan“ segir höfundurinn, Steinar J. Lúðvíksson: „Á engan er hallað þótt sagt sé að Benedikt hafi haft meiri áhrif en nokkur annar á styrkingu félagsins og íþróttalíf bæjarins þar sem hann beitti sér ákveðið fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja og auknum fjárhagslegum stuðningi bæjarins við félagið svo sem nánar er fjallað um í bókinni,“ og eru þetta örugglega orð að sönnu. Allt frá því að Benedikt flutti í Garðabæ sýndi hann félaginu áhuga og er þess t.d. getið að árið 1973 hafði hann forgöngu um að finna félaginu nýjan formann og var það raunar ekki í fyrsta skiptið.

Sjálfur kynntist ég Benedikt árið 1977 þegar ég, ásamt Bjarna, syni Benedikts hóf að æfa knattspyrnu. Fylgdi hann okkur, 1970 árganginum, eftir alla tíð á meðan við stunduðum ýmist handknattleik eða knattspyrnu hjá Stjórnumni og hjá mörgum okkar var hann síðar mikilvægur bakhjari þegar við tókum að okkur stjórnunarstjórn hjá félaginu.

Benedikt var formaður byggingarnefndar bæði við uppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar og sundlaugarinnar við Ásgarð.

Þá var hann í forsvari fyrir uppbyggingu knattspyrnuvalla bæði á Ásgarðssvæðinu og við Hofsstaðaskóla og hann hafði einnig frumkvæði að því að koma upp einum fyrsta æfingavelli sem lagður var gervigrasi á Íslandi við Ásgarð. Sagt er að Benedikt hafi spurt þáverandi þjálfara Stjórnumnar, Jóhannes Atlason, hvort honum þætti góð hugmynd að fá æfingavöll lagðan gervigrasi og fengið jákvætt svar frá honum. „Þá lát-um við það gerast,“ svaraði Benedikt. Æfingavöllur sá er um ræðir er enn notaður af Stjórnumni.

Benedikt var þekktur fyrir að láta hlutina gerast hvað varðaði uppbyggingu og eflingu alls íþróttastarfs í Garðabæ. Hann, ásamt Erling Ásgeirssyni, hafði forgöngu um að Gunnar Einarsson var ráðinn íþróttafulltrúi í Garðabæ og jafnframt þjálfari meistaraflokks Stjórnumnar í handknattleik. Var það mjög dýrmætt skref í glæsilegum uppgangsskeiði handknattleiksins í Garðabæ þar sem leiðin lá úr neðri deildum í þá efstu þar sem félagið hefur verið lengst af síðan.

Árið 1986 tók Benedikt sæti í stjórn knattspyrnuvalla félagsins og segja má að



Heiðursfélagar Stjórnumnar komu saman í Stjórnumheimilinu í lok nóvember 2023 ásamt Sigurði Guðmundssyni formanni Stjórnumnar. F.v. Sigurður Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, Jóhann Ingi Jóhannsson, Erling Ásgeirsson, Benedikt Sveinsson, Jón Guðmundsson, Jón Ásgeir Eyjólfsson, Snorri Olsen, Jóhann Ingimundarson, Lárus Blöndal, Gunnar Einarsson, Steinar J. Lúðvíksson og Guðjón Erling Friðriksson. Á myndina vantar Önnu Möller heiðursfélaga

þar með hafi uppgangstímabil deildarinnar bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum hafist. Hann hafði forgöngu um að landsliðsmennirnir Árni Sveinsson og Sveinbjörn Hákonarson auk Rögnu Lóu Stefánsdóttur komu frá Akranesi til Stjórnumnar og það skipti sköpum fyrir félagið á leið sinni í fremstu röð bæði í karla- og kvennaflokki.

Þótt Benedikt hafi ekki setið lengi sem formlegur stjórnarmaður hjá Stjórnumni má segja að hann sé fremstur meðal jafningja í baklandi félagsins í áratugi. Ég leyfi mér að fullyrða að hann var velgjörðarmaður félagsins. Hann var ekki einungis til ráð-

gjafar og styrkur fyrir þjálfara og forystumenn félagsins heldur lagði hann einnig fjármuni til reksturs Stjórnumnar, bæði persónulega og gegnum þau fyrirtæki sem hann hafði aðkomu að.

Í sínu daglega lífi stundað Benedikt viðskipti og var í forystu fyrir stórfyrirtæki. Hann hafði líka einlægan áhuga á samfélagsmálum og lét samfélagið Garðabæ sannarlega njóta þess.

Benedikt var gerður að heiðursfélaga Stjórnumnar árið 2014. Haustið 2023 kom hann í síðasta sinn í Stjórnumheimilið og

mætti þar ásamt öðrum heiðursfélögum til að hlusta á fyrirlestra Patreks Jóhannessonar handknattleikþjálfara og Jökuls Elís-ubetarsonar knattspyrnuþjálfara þar sem framtíð félagsins bar ekki síst á góma.

Ungmennafélagið Stjarnan þakkar Benedikt Sveinssyni samfylgdina og fyrir hans mikla og merka framlag til félagsins.

Við sendum Guðriði, Bjarna, Sveini og Jóni innilegar samúðarkveðjur.

Sigurður Guðmundsson, formaður Stjórnumnar.

Garðabær og Hestamannafélagið Sprettur undirrita samstarfssamning

Meginmarkmið samstarfs Hestamannafélagsins Spretts og Garðabæjar er að efla barna- og unglingsstarf í hestaíþróttum í Garðabæ, meðal annars með reglulegu námskeiðahaldi á félagssvæði Spretts.

Með samstarfinu skal sérstaklega hugað að því að mæta þörfum fatlaðra barna

og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Einnig að vinna áætlun varðandi eineltismál og skal félagið njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við slíkum málum í samræmi við forvarnastefnu og samskiptasáttmála bæjarins. Aðalstjórn Spretts ber einnig ábyrgð á að félagið og allar deildir þess kynni sér, innleiði og starfi

samkvæmt leiðbeiningum og verklagsreglum ÍSÍ um kynferðislegt áreitni í íþróttum. Nýr samningur gildir til ársloka 2025.

Katla Gísladóttir varaformaður Spretts og Jónína Björk Vilhjámsdóttir formaður Spretts ásamt Almari Guðmundssyni bærstjóra Garðabæjar og Hrannari Braga Eyjólfssyni formanni íþrótt- og tómsundaráðs við undirritun samningsins



FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR 2025

LEITAÐ TIL ÍBÚA EFTIR ÁBENDINGUM OG TILLÖGUM

Garðabær leitar til íbúa varðandi gerð fjárhagsáætlunar 2025. Ábendingar geta snúið að tillögum til hagræðingum, nýjum verkefnum og verkefnum sem leggja þarf áherslu á. Opið er fyrir ábendingar til 4. nóvember 2024. Allar ábendingar verða teknar til skoðunar milli umræðna í bærstjórn Garðabæjar.

SAMRÁÐSGÁTT Á GARDABAER.IS

Á vef Garðabæjar, gardabaer.is, er hægt að fara inn á samráðsgátt til að senda inn ábendingar. Þar er einnig hægt að færa rök fyrir og setja inn athugasemdir við tillögum sem íbúar setja inn. Ábendingar má einnig senda inn í gegnum skráningarform á vef Garðabæjar.

ÁBENDINGAR GETA SNÚIÐ AÐ:

- Tillögum til hagræðingar í starfsemi Garðabæjar
- Nýjum verkefnum sem bærinn ætti að sinna
- Verkefnum sem leggja þarf áherslu á í starfsemi bæjarins

<https://www.gardabaer.is/stjornsysla/fjarmal/fjarhagsaaetlanir/fjarhagsaaetlun-abendingar-ibua/>





FASTEIGNASALAN

UTORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

Fyrir hverja eign sem kemur í
sölu hjá okkur í október styrkjum
við Bleiku slaufuna.

Komdu með eignina þína til okkar!

Hringdu núna

520 9595

SÝNUM  LIT

Naustavör 60-66

BÚUM
BETUR



BYGG

www.bygg.is

Bryggjuhverfinu í Kópavogi



NÝTT Í SÖLU



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019-2023

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 60-66.

Íbúðirnar eru 80,3-199,2 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Tvennar svalir fylgja flestum íbúðum. Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum. Gólfhiti er í öllum íbúðum.



REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR



Skóðið
teikningar
á bygg.is

 **FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

 **FASTEIGNASALAN
TORG**
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

 **FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA** EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 40 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

Það er dýrt að sóa heitu vatni!



Verð á heitu vatni til húshitunar hefur hækkað um 29% á höfuðborgarsvæðinu síðustu þrjú árin samkvæmt kostnaðartölum sem Eignaumsjón hefur tekið saman úr rekstri húsfélaga í þjónustu hjá félaginu. Til mikils er því að vinna fyrir eigendur í fjöleignarhúsum að vel sé fylgst með ástandi hitagrinda og snjóbræðslukerfa. Það tryggir skilvirka orkunotkun og lægri orkukostnað.

Frá ársbyrjun 2022 til loka júlí 2024 hefur verð á rúmmetra af heitu vatni - með fastagjaldi, orkuskatti og virðisaukaskatti - hækkað úr rúmlega 159 krónum í ríflega 205 krónur, sem er nærri 29% hækkan.

Bakreikningur upp á rúma milljón

„Kostnaður húsfélaga vegna bilunar í hitakerfum hefur aukist verulega. Til dæmis fékk eitt húsfélag í 90 íbúða húsi bakreikning upp á rúmlega eina milljón króna í byrjun ársins, eftir að hitakerfi í einum af sex stíggöngum bilaði,“ segir Guðmundur Orri Arnarson hjá Eignaumsjón.

Húsfélagið í ofangreindu dæmi er í Húsumsjón, sérþjónustu hjá Eignaumsjón sem felur m.a. í sér reglulegt eftirlit með öllum hitakerfum og öðrum tækjabúnaði í sameign. Strax var farið í umfangsmikla bilanaleit og

Reglubundið eftirlit sparar heitt vatn, dregur úr sóun og lækkar rekstrarkostnað segir Guðmundur Orri hjá Eignaumsjón, sem býður húsfélögum upp á mánaðarlegt eftirlit með hitagrindum og snjóbræðslukerfum. Mynd:-áþj

í framhaldinu var öll hitagrindin í umræddum stíggöngum tekin í gegn og komst þá heitavatsnotkunin aftur í eðlilegt horf.

Hitavaktin – mánaðarlegt eftirlit með hita- og snjóbræðslukerfum

Vegna mikillar fjölgunarfyrirspurnar um ástand hitagrinda og snjóbræðslukerfa býður Eignaumsjón nú húsfélögum, hvort sem þau eru í þjónustu hjá Eignaumsjón eða ekki, upp á mánaðarlega skoðun tæknirýma húsa til að tryggja að kerfin starfi á fullum afköstum og án vandamála. „Það er orðið dýrt að sóa heitu vatni. Sjálfbær hitastýring og skilvirkni í sameign hússins skiptir alla eigendur máli. Reglubundið eftirlit sparar heitt vatn, dregur úr sóun og lækkar rekstrarkostnað húsfélagsins,“ segir Guðmundur Orri og hvetur öll sem eru áhugasöm um þessa nýju áskriftarþjónustu til að hafa samband á netfanginu thjonusta@eignaumsjon.is, í netspjall, eða með því að hringja í síma 585-4800.

Sala er hafin á 54 íbúðum í Naustavör

Markmiðið með Bryggjuhverfinu á Kársnesi er að byggja upp hverfi sambærilegt að gæðum og Sjálandshverfið í Garðabæ



Íbúðirnar í Naustavör 60-66 eru fallegar og fallett sjávarútsýni úr flestum þeirra, en markmiðið með bryggjuhverfinu á Kársnesi hjá Bygg var að byggja upp hverfi sambærilegt að gæðum og Sjálandshverfið í Garðabæ sem Bygg skipulagði og reisti að lang stærstum hluta

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 54 íbúða fjölbýlishúsi við Naustavör 60-66 í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs. Naustavör hefur notið mikilla vinsælda enda um frábæra staðsetningu að ræða á norðanverðu Kársnesi þar sem gert er ráð fyrir að verði um 400 íbúðir þegar hverfið er fullbyggt, en flutt var í fyrstu íbúðir hverfisins á vormanuðum 2015.

Íbúðirnar sem eru frá 80.3 til 199.2 fm verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og eldhústækjum frá Ormsson. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum og nokkrar þeirra eru með tveimur baðherbergjum. Stæði í bílageymslu, sem er upphitið fylgja íbúðum og það eru sérgeymslur í kjallara.

teikningum. Á baðherbergjum eru gólf flísalögð og veggir flísalagðir upp í loft. Þau verða búin vönduðum hreinlætistækjum, hitastýrðum blöndunartækjum, upphengdum salernum, sturtum með glerhlíð. Innréttingar og innihurðir eru vandaðar.

Fjölskylduvænt og fallett umhverfi

Bryggjuhverfið á Kársnesi í Kópavogi er staðsett á fallegum stað á móti Nauthólsvíkinni, fjölskylduvænu og fallegu umhverfi við sjávarsíðuna. Siglingafélagið Ýmir er með aðstöðu við smábátahöfnina og er það iðandi af lífi.

Áætlað er að íbúðir við Naustavör 60-66 verði afhentar á tímabilinu október 2024 – mars 2025. Hús nr. 66 verður afhent í október 2024, hús nr. 64



Fallett sjávarútsýni úr flestum íbúðunum Naustavör 60-66 er 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu við Naustavör í Kópavogi staðsett örstutt frá smábátahöfninni, með glæsilegu sjávarútsýni úr flestum íbúðunum. Í húsinu eru 2ja til 4ra herbergja íbúðir og með annað hvort svölum eða verönd eins og áður en nefnt, en sumar íbúðunum fylgja tvennar svalir.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum frá Parka. Rafmagns- og sjónvarpslögn fylgir frágengin og verður mynddyrasími með einu símtóli í íbúð.

Sameign verður frágengin utan sem innan og í sameign verður vönduð lyfta. Anddyri verður flísalagt en stígar og stígapallar teppalagðir. Gangstéttar við húsið verða með snjóbræðslukerfi samkvæmt

verður afhent í nóvember 2024, hús nr. 62 verður afhent í febrúar 2025 og hús nr. 60 í mars 2025, en það er Byggingafélag Gylfa og Gunnars sem reisir fjölbýlishúsin við Naustavör 60-66.

Markmiðið með Bryggjuhverfinu á Kársnesi er að byggja upp hverfi sambærilegt að gæðum og Sjálandshverfið í Garðabæ. Byggingafélag Gylfa og Gunnars stóð að þeirri uppbyggingu frá upphafi og byggði þar sirka 80% allra íbúða, en Sjálandshverfið telst mjög vel heppnað. Á Kársnesi er þó gengið enn lengra í því að nýta nálægðina við hafið með uppbyggingu klúbbhúss fyrir Siglingafélagið Ýmir, sem stendur við smábátahöfnina í hverfinu. Nú þegar hefur klúbbhúsið verið tekið í notkun og starfsemi gengur vel. Þar er aðstoða til að taka inn báta til viðhalds auk veitinga- og félagsaðstöðu sem gerir þessa smábátahöfn iðandi af lífi.



eignaumsjon.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 Eignaumsjón 2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Væðingarástæða Kveiklon

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

SÉRFRÆÐINGAR Í GÓÐGERLUM

Sérhönnuð góðgerlablanda sem hafa það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins.



bio-kult®



ENZYMEDICA®

MELTU BETUR!

Að þurfa ekki að hafa áhyggjur af magaónoti breytir lífinu til hins betra. Eftir að ég fór að taka inn Digest Gold minnkaði uppþemba og magaverkir eftir að hafa borðað ákveðnar fæðutegundir.

“



Harpa Lind Þrastardóttir
-Lögglukona

”

Gestir fjölmenntu þegar húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð var opnuð

Það var margt um manninn þegar húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð opnaði glæsilega verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ þann 19. september sl., en Bústoð hefur verið starfrækt frá 1975 og ávallt verið staðsett í Reykjanesbæ.

Það voru því stór tímamót hjá eigendum verslunarinnar þegar þeir opnuðu dyr sínar í Garðabæ, en fjöldi gesta mætti í opnunarteitið til að samgleðjast með þeim Birgittu Ósk Helgadóttur og Björgvini Rúnarsyni eigendum verslunarinnar.

Bústoð er með fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið, en markmið verslunarinnar hefur allt frá upphafi verið að bjóða upp á gæðavöru á góðu verði.

„Við erum gríðarlega ánægð að vera búin að opna í Miðhrauninu,“ segir Birgitta Ósk. „Hugmyndin að því að opna verslun á höfuðborgarsvæðinu er kannski ekki ný



af nálinni, enda hafa viðskiptavinir okkar verið að kalla eftir þessu í gegnum árin. Hins vegar fór allt á fullt síðastliðið vor, eftir að við fundum þessa góðu staðsetningu í Garðabæ. Þetta er fullkomið rými fyrir húsgagnaverslun,“ segir hún brosandi, en eins og áður segir að þá fjölmenntu gestir í opnunarteitið eins og sjá má á

myndunum, en meðal gesta sem mættu voru Almar Guðmundsson, bærstjóri í Garðabæ og Björg Fengler, formaður bæjarráðs Garðabæjar.

Verslunin er opin milli 11 og 18 alla virka daga og milli 11 og 16 á laugardögum.



Samglöddust! F.v. Björg Fengler, formaður bæjarráðs Garðabæjar, Björgvini Rúnarsyni og Birgitta Ósk Helgadóttir eigendur Bústoðar og Almar Guðmundsson, bærstjóri í Garðabæ



Haust
POP UP
LAUGARDAGINN 5. OKTÓBER.
FRÁ KL. 11 - 16.
Garðatorgi 5

Forvarnardagurinn

Í gær, miðvikudaginn 2. október 2024 var Forvarnardagurinn haldinn, í nítjándra skiptið, grunn- og framhaldsskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna á þeirra aldurshóp og hugmyndir sínar um samveru, íþrótt- og tómstundastarf og því að leyfa heilanum að þroskast og hvaða áhrif þessir verndandi þættir hafa á líf þeirra. Þau vinna í hópavinnu og skrá hugmyndir sínar; síðan er svörum safnað saman til að finna samnefnara í umræðum þeirra. Þá gefst þeim kostur á að taka þátt í leik þar sem þau vinna með þá þætti sem dregið geta úr áhættuhegðun og verða verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðar á árinu.

Tenglar á vefsíður sem lúta að forvörnum.

www.forvarnir.is
www.samanhopurinn.is
www.barnasattmali.is
www.samfes.is
www.heimilioskoli.is



HVETJUM BÖRN OG
UNGMENNI TIL
VIRKRAR ÞÁTTTÖKU Í
SKIPULÖGÐU ÍÞRÓTTA-
OG TÓMSTUNDASTARFI!



HVERT ÁR
SKIPTIR MÁLI!
LEYFUM HEILANUM
AÐ ÞROSKAST!



VERUM TIL
STAÐAR FYRIR
HVORT ANNAD.
STUÐNINGUR
FORELDRA
SKIPTIR MÁLI!

Verum til staðar hvort fyrir annað



Veðrið lék við kylfinga

Góð stemmning á Ecco minningarmóti GK/G



Sigurveggar! Ragnar Axel, Arnar Smári, Trausti og Adólf ásamt Guðmundi Danielssyni barna- og unglingsbjálfara GK/G



Andrés gerði sér lítið fyrir og fór hólu í höggi á 13. braut



2. sæti. Árni, Hákon Atli, Friðrik Ingi, Gunnar Þór og Guðmundur.



3. sæti. Snjólaug, Silja Ósk, Erna Björg og Elva Björk.

Það var góð stemmning í Opna Ecco Minningarmót GK/G sem haldið var á Leirdalsvelli GK/G sl. sunnudag í frábæru veðri. Í ár er mótið til styrktar æfingaferð barna-, unglings- og afreks- sviðs GK/G, sem verður næsta vor, en um 100 manns tóku þátt í mótinu.

Sigurveggar mótsins unnu það á 50 punktum, en þess má geta að golfkennarinn Andrés Jón Davíðsson gerði sér lítið fyrir og fór hólu í höggi á 13. braut.

Í mótinu var sérstaklega haldið uppi minningu þeirra Jóns Ólafssonar, Ólafs E. Ólafssonar og Konný Hansen sem áttu drjúgan þátt í að gera GK/G að því sem klúbburinn er í dag.

Verðlaun Opna Ecco – Minningarmót GK/G

1. sæti. 50 punktar. Adólf Óskarsson, Ragnar Axel Adólfsson, Arnar Smári Adólfsson og Trausti Freyr Birgisson,
2. sæti. 49 punktar. (Varpa þurfti hlutkesti þar sem jafnt var á öllum holum á milli 2. og 3. sætis). Friðrik Ingi Þorsteinsson, Árni Gústafsson, Hákon Atli Birgisson og Gunnar Þór Birgisson
3. sæti. 49 punktar. Snjólaug Birgisdóttir, Silja Ósk Birgisdóttir, Erna Björg Sigurðardóttir og Elva Björk Sigurðardóttir.

Nándarverðlaun

Hola 4 - Ágúst Guðmundsson GK/G 1,59m
Hola 9 - Jóhannes Unnar GK/G 0,23m
Hola 11 - Elín Jóhannesdóttir 0.70m

Hola 17 - Óliver Elí 3,0m
Hola í höggi á 13 - Andrés Jón Davíðsson 0,0m



LANGIR FIMMTUDAGAR Á BÓKASAFNI GARÐABÆJAR



3. okt kl.19

Ástandið: Rokið í stofunni.
Guðrún J. Magnúsdóttir rithöfundur.

10. okt kl.19

Ísland á stríðstímum.
Guðni Th. Jóhannesson.



24. okt kl.19

Kvikmyndasýning



31. okt kl.19

Draugasögur og ganga með Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi



Bókasafn Garðabæjar | Garðatorgi 7 | S. 591 4550 | bokasafn@gardabaer.is



Elli og Thelma sáu um að baka klassískar pönnukökur með sykri fyrir þátttakendur við braut 13



Elín Jóhannesdóttir fékk nándarverðlaunin á 11 holu



KÓPAL

UMHVERFISVÆN
INNIMÁLNING



málning

MENNING Í GARÐABÆ

DAGSKRÁ

OKTÓBER

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Langir fimmtudagar í október kl.19 – 21

3.október
ÁSTANDIÐ

10.október
ÍSLAND Á STRÍÐSTÍMUM
með Guðna TH.

17.október
NORÐURLÖNDIN
Á STRÍÐSTÍMUM

31.október
DRAUGAGANGA
með Þjóðfræðingnum Dagrúnu Ósk

Viðburðir

Alla fimmtudaga
kl.10 – 12

FORELDRAMORGNAR

Skynjunarsmiðjur, fagleg fræðsla
fyrir nýbakaða foreldra og margt fleira.

Laugardagur 12.október
kl.11.30

SCRATCH

tölvuleikjagerð með Skema. Skráning
nauðsynleg.

Laugardagur 19.október
kl.13

VÍSINDAKAKÓ

Ungmönnum boðið í opið og óformlegt samtal
við vísindafólk.

Föstudagur 25.október
kl.9.30 – 18

BANGSADAGURINN

Myndabás í boði og bangsasprell.

Laugardagur 26.október
kl.11 – 14.30

HREKKJAVÖKUBALL!

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningar

Fastasýning
HÖNNUNARSAFNIÐ
SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett
er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins
og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og
þaðan.

Pallurinn
6.september – 27.október

ULL

Verk eftir Judith Amalíu Jóhannsdóttur og
Maju Siska. Sýning í tilefni 50 ára afmælis
Textílfélagsins.

Safnið á röngunni
18.október – 29.desember

SKRÁNING Á FATNAÐI
Í EIGU SAFNSINS

Vinnustofudvöl
27.september – 29.desember

UNNAR ARI
BALDVINSSON
GRAFÍSKUR
HÖNNUÐUR

Viðburðir

Sunnudagur 6.október
kl.13

BANGSASTÓLL

Fjölskyldusmiðja þar sem stóll fyrir
bangsa er hannaður og búinn til.

Fimmtudagur 10.október
kl.13 – 16

ÖRVERUR/
MANNVERUR

Fyrirlestrar, smakk og spjall um
Örverur á heimilum.

Sunnudagur 20.október
kl.13

LEIÐSÖGN MEÐ
DANSDÆMUM

Sigríður Sigurjónsdóttir safnstjóri
ásamt Siggú Soffíu dansara.

Laugardagur 12.október
kl.14 – 23

LISTAHÁTÍÐIN
RÖKKVAN

Listahátíð á göngugötunni Garðatorgi
þar sem ungt listafólk fær að láta ljós
sitt skína en kvöldtónleikum lýkur með
GDRN.

Laugardagur 26.október
kl.14

ÓPERUGALA

Óperugala á Garðatorgi 7 í samstarfi
við Óperudaga.

MINJAGARÐURINN Á HOFSTÖÐUM
við Kirkjulund

Skyggnist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnáms-
skálanum með aðstoð margmiðlunarsjónauka.

AFTUR TIL HOFSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu
Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.

Tónleikar

TÓNLISTAR-
NÆRING

Miðvikudagur 2.október
kl.12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

SVAFI
ÞÓRHALLS-
DÓTTIR sópran
BERGLIND
STEFÁNSDÓTTIR

flauta

&
HRÖNN ÞRÁINS-
DÓTTIR píanó

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og
safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við
Tónlistarskóla Garðabæjar.

